

Fimmti fundur stjórnar Þekkingarseturs Suðurnesja Fundargerð

Fundur haldinn miðvikudaginn 20. febrúar 2013 kl. 14:00 að Garðvegi 1, Sandgerði.

Viðstaddir:

Erla Ósk Pétursdóttir, fulltrúi SSS

Gunnar Þór Hallgrímsson, fulltrúi Náttúrustofu Suðvesturlands

Halldór Pálmar Halldórsson, fulltrúi Rannsóknaseturs HÍ á Suðurnesjum

Hanna María Kristjánsdóttir, forstöðumaður Þekkingarseturs Suðurnesja

Sigrún Árnadóttir, stjórnarformaður

Sverrir Guðmundsson, fulltrúi Keilis

Stjórnarformaður setti fundinn og bauð Sverri Guðmundsson velkominn í stjórnina en hann tók við af Karli Sölva Guðmundssyni um áramót. Stjórn þakkar Karli Sölva gott samstarf.

Fundargerð síðasta fundar var samþykkt og undirrituð.

Dagskrá fundarins:

1. Endurskoðun ársreiknings

Þrjú tilboð sem fengin voru í endurskoðun ársreiknings Þekkingarsetursins voru kynnt. Samþykkt var samhljóða að taka tilboði KPMG.

2. Starfsáætlun ársins 2013

Forstöðumaður kynnti rekstraráætlun og starfsáætlun Þekkingarsetursins fyrir árið 2013 og voru þær samþykktar samhljóða. Ýmsar hugmyndir varðandi starfið ræddar og ákveðið að fara í stefnumótun fyrir setrið á næsta fundi stjórnar um miðjan mars.

3. Viðhaldsáætlun ársins 2013

Viðhaldsáætlun kynnt og samþykkt með fyrirvara um forgangsröðun í kjölfar stefnumótunar.

4. Stjórnarseta hjá Fisktækniskólanum

Samþykkt samhljóða að forstöðumaður Þekkingarsetursins sitji í stjórn Fisktækniskólans.

5. Önnur mál

a) Sumarafleysingar

Einn starfsmaður verður ráðinn í sumarafleysingar hjá Þekkingarsetrinu. Auglýst verður eftir háskólanema og verður auglýsingin birt á heimasíðu Þekkingarsetursins og sveitarfélaganna.

b) Aðalfundur Þekkingarseturs Suðurnesja

Ákveðið var að aðalfundur Þekkingarsetursins verði haldinn í lok apríl.

Fundi var slitið kl. 16:00.

Hanna María Kristjánsdóttir tók saman fundargerð.

Sigrún Árnadóttir

Erla Ósk Pétursdóttir

Gunnar Þór Hallgrímsson

Halldór Pálmar Halldórsson

Sverrir Guðmundsson